

Fræðslunefndarfundur haldinn 01.09. 2016 á Kirkjubæjarstofu

Fundur nr. 146

Mættir: Auðbjörg B. Bjarnadóttir (D), Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z), Unnar Steinn Jónsson (D), Ragnheiður Hlín Símonardóttir (Ó), Sverrir Gísalson (Ó)

Dagskrá

Formaður setur fund og býður alla velkomna og síðan er gengið til dagskrár.

Heilsuleikskólinn Kæribær/Kirkjubæjarskóli á Síðu/Tónlistarskóli:

Mættir:

Leikskóli: Guðrún Sigurðardóttir, Sunneva Kristjánsdóttir

Grunnskóli: Karítas Kristjánsdóttir, Linda Agnarsdóttir; Karítas Heiðbrá Harðardóttir

Tónlistarkóli: Einar Melax

Kl 09:15 -10:15

1. Fundarskema vetrarins lagt fram,. Fundarskemi verður sendur öllum í tölvupósti. engar athugasemdir
2. Bréf sem hafa borist nefndinni
 - a. Bréf frá MMR og innanríkisráðuneytinu dagsett 26/08 2016. Tekið fyrir
 - b. Hvatning frá Velferðarvaktinni dagsett 09/08 2016. Tekið fyrir.
 - c. Bréf frá Svandísi Ingimundardóttur dagsett ágúst 2016. Tekið fyrir
3. Forstöðumenn allra skólastiga kynna vetrarstarf, starfsmannahald o.fl.
Leikskóli: Fjöldi barna í leikskóla eru 12 í vetur og eru 3 heil stöðugildi plús leikskólastjóri.
Grunnskóli: Nemendur Kirkjubæjarskóla eru 43. 6,8 stöðugildi með skólastjóra. Skólapúls verður tekinn tvisvar í vetur. Valtímar auknir hjá elsta stigi. Samræmduprófin verða rafræn. Læsisteyni kemur í leik og grunnskóla 7. Sept. Kominn er til starfa námsráðgjafi hjá félags og skólaþjónustu rangárvalla og vestur-Skaftafellssýslu Arnheiður Dögg.
Tónlistarskóli: Við bjóðum Einar kærlega velkominn til starfa. Tónlistarskólastjóri kennir 10 tíma í grunnskólanum á viku er verið að kanna hvernig heimsóknum í leikskólann verður háttað. Tónlistarskólinn er að fara í gang í næstu viku umsóknir verðar sendar út til foreldra í dag.
Sanþykkt að halda 1 sameiginlegan vinnufund á hverju misseri með skólastjórnendum og formanni fræðslunefndar formaður fræðslunefndar tekur að sér að boða til fundanna.
4. Styrkur frá BB - Skaftárhreppur til framtíðar

- Formaður greinir frá því að nefndin hafi sótt um í styrk í verkefninu Skaftárhreppur til framtíðar. Forstöðumönnum stofanana ásamt formanni er falið að móta málþing
5. Önnur mál
Skólafestefnuhópurinn ráðgert að boða fund í lok September 2016
Nýr varamaður kennara er Sigurður Þ. Magnússon

Kl. 10:20-10:45

Fræðslunefnd

1. Tilkynning um breytingu í fræðslunefnd, bréf dagsett 30/08 2016. Auður Eypórsdóttir Ó –lista kemur inn sem varamaður í stað Guðmundar Inga Ingasonar.
2. Breyting á skipan fræðslunefndar, Rakel Pálmadóttir (D) vísur úr fræðslunefnd til frambúðar vegna búferlaflutninga og varamaður, Unnar Steinn Jónsson (D) tekur hennar sæti.
Fræðslunefnd þakkar Rakel Pálmadóttur fyrir vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.
3. Reglur um skólaakstur
Fræðslunefnd beinir því til sveitarstjórnar að móta reglur um skólaakstur í samræmi við gildandi reglur hjá MMR
4. Önnur mál
Umræða um netöryggi barna, rætt um leiðir til fræðslu fyrir grunnskólanemendur og foreldra.

Fundargerð er tölvuskráð og er 2.bl. að lengd

Fundarritari Arndís J. Harðardóttir

Arndís J. Harðardóttir
Arndís J. Harðardóttir
Sveinn Ketilsson
Ragnheiður Hlín Símonardóttir
Hanna Jónsson

Sent skólaskrifstofum og formönnum skólanefnda með beiðni um upplýsingar.

Sæl og blessuð.

Okkur hefur borist fyrirspurn frá ráðgjafa Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO) sem vinnur nú að skráningu upplýsinga um heilsutengdar aðgerðir stjórnvalda í ríkjum með undir einni milljón íbúa.

Þeim hefur borist til eyrna að í öllum íslenskum leik- og grunnskólum fái öll börn (heita) máltíð í hádeginu en jafnframt hafi tiltekin sveitarfélög/skólar boðið nemendum sínum upp á (frían) hafragraut á morgnana. Nú óska þau eftir frekari upplýsingum um framkvæmdina og í því skyni leita ég til ykkar þar sem sambandið hefur ekki yfirsýn yfir þetta.

Vinsamlegast sendið mér **upplýsingar úr ykkar sveitafélagi ef:**

- **boðnar eru gjaldfrjálsar máltíðir.** Að öðru leyti er gengið út frá því að börn fái hádegisverð í öllum skólum skv. gjaldskrá
- **um heilsueflandi skóla eða skilgreinda heilsuleikskóla** er að ræða
- **boðinn er hafragrautur/annað** í morgunsárið
- **...eitthvað af þessu stendur til**

Með kveðju og bestu þökkum fyrir aðstoðina.

Svandís.



Auðbjörg B. Bjarnadóttir

Fræðslunefnd

Maríubakki

880 Kirkjubæjarklaustur

Kirkjubæjarklaustur 30. ágúst 2016

Efni: Tilkynning um breytingu í fræðslunefnd

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði fimmtudaginn 14. júlí 2016. Fundur hófst kl. 13:00 í Kirkjuhvoli.

Þetta var 398. fundur sveitarstjórnar, 7. fundur ársins 2016. Samþykktar voru eftirfarandi breytingar í fræðslunefnd;

Auður Eyþórsdóttir O-lista kemur inn sem varamaður í stað Guðmundar Inga Ingasonar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Sandra Brá Jóhannsdóttir

Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri



Innanríkisráðuneytið



Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavík, 26. ágúst 2016

Til grunn- og framhaldsskóla og ýmissa hagsmunaaðila


Framundan eru Alþingiskosningar á Íslandi og af því tilefni vilja stjórnvöld hvetja grunn- og framhaldsskóla til að efla lýðræðisvitund barna og ungmenna með upplýstri umræðu um kosningar og lýðræði og mikilvægi þess að hver einstaklingur nýti sér kosningaréttinn.

Í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2011 eru ákvæði um lýðræði og mannréttindi sem fela í sér að áhersla á að vera lögð á þessa þætti í öllu starfi á vegum skóla. Í fyrsta lagi þurfi skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíði að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því sé mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfi skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Aðalnámskrá skólastiganna gerir ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lögfestur var hér á landi 2013 eiga aðildarríki að tryggja barni sem myndað getur sér eigin skoðun, rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Í tengslum við kosningar skapast margvísleg tækifæri fyrir skóla til lýðræðismenntunar í samræmi við aðalnámskrá og Barnasáttmálann.


Samband íslenskra framhaldsskólanemenda (SÍF), Landssamband æskulýðsfélaga (LÆF) í samstarfi við innanríkisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands ásamt umboðsmanni barna standa fyrir verkefninu „Kosningavakning“ samhliða kosningum til Alþingis. Tilgangur verkefnisins er að hvetja ungt fólk til að kjósa eftir upplýstri ákvörðun í kjörklefa og um leið að efla lýðræðis- og kosningavitund barna og ungmenna í grunn- og framhaldsskólum.

Innanríkisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið hvetja alla grunn- og framhaldsskóla til að taka þátt í kosningavakningunni og nýta þetta tækifæri til að efla lýðræðismenntun í skólum.

Fljótlega mun opnast vefsvæði þar sem aðstandendur verkefnisins kynna verkefnið enn frekar ásamt efni til stuðnings lýðræðis- og mannréttindamenntun í skólum.



Ólöf Nordal innanríkisráðherra



Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra



Reykjavík, 9. ágúst 2016

Hvatning Velferðarvaktarinnar til sveitarstjórna, skólanefnda, skólaskrifstofa og skólustjóra, um að leggja kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfangakaupa barna af eða halda henni í lágmarki.

Velferðarvaktinni er m.a. falið samkvæmt skipunarbréfi að „...huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni“.

Velferðarvaktin hefur í gegnum tíðina komið opinberlega á framfæri ábendingum um að sveitarstjórnir leggi áherslu á að halda kostnaði heimila vegna skólasóknar barna í lágmarki í þeim tilgangi að koma til móts við þá sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu. Þannig komi bágur efnahagur heimilisins síður niður á námi og lífi barna.

Í þessu sambandi hafa svokallaðir „innkaupalistar“, sem börn fá í grunnskólanum að hausti, verið sérstaklega til umræðu, en kostnaður vegna þeirra getur verið umtalsverður.

Síðastliðið haust sendi Velferðarvaktin stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga erindi í tilefni þess að stjórn sambandsins tók til umræðu „fyrirkomulag fjárútláta foreldra vegna kaupa á námsgögnum barna í grunnskóla og fyrirkomulag skólamáltíða“. Sambandið brást við með því halda vinnufundi með fulltrúum Velferðarvaktarinnar og gera úttekt á kostnaði foreldra m.a. vegna ritfanga. Í framhaldinu sendi sambandið út ábendingu til skólanefnda og skólaskrifstofa um kostnað vegna námsgagna (sjá fylgiskjal) þar sem þeim tilmælum er beint til þeirra að kanna framkvæmd þessara mála í sínu sveitarfélagi.

Í úttekt sambandsins sem kynnt var fyrir Velferðarvaktinni þann 17. maí sl. kemur fram að skólar gera mjög mismunandi kröfur um hvaða gögn nemendum ber að koma með í skólann. Er þar um að ræða upphæðir allt frá 400-22.300 krónur. Kostnaður er því mjög mismunandi milli sveitarfélaga og jafnvel milli skóla í sama sveitarfélagi.

Velferðarvaktinni er kunnugt um að ákveðin sveitarfélög, t.d. Ísafjarðarbær og Borgarfjörður eystri, útvegi nemendum ritföng þeim að kostnaðarlausu og að Sandgerðisbær tekur einnig upp slíkt fyrirkomulag á skólaárinu sem hefst nú bráðlega.

Bent skal á að samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur var hér á landi þann 20. febrúar 2013 og er nú hluti af íslenski löggjöf, eiga börn rétt á ókeypis grunnenntun. Þar segir m.a. í 28.gr. „Aðildarríki viðurkenna rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga stig af stigi og þannig að allir njóti sömu tækifæra, einkum: a) Koma á skyldu til grunnenntunar sem allir geti notið ókeypis.“ Einnig skal bent á að skv. 31 gr. grunnskólalaga skal skyldunám vera veitt að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu. Þar er einnig lagatexti sem stuðst hefur verið við varðandi kostnaðarþátttöku foreldra „Þó er opinberum aðilum ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.“

Velferðarvaktin telur að kostnaðarþátttaka foreldra, vegna ritfanga og annarra gagna vegna skólagöngu barna, upp á tugi þúsunda króna samrýmist hvorki anda Barnasáttmálans né grunnskólalaganna.

Af þeim sökum hvetur Velferðarvaktin öll sveitarfélög landsins til að leggja slíka kostnaðarþátttöku af eða haldi henni í algjöru lágmarki.

Siv Friðleifsdóttir,
formaður Velferðarvaktarinnar

Fylgiskjal:

Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga „-Ábending til skólanefnda um kostnað vegna námsgagna-“ til skólanefnda og skólaskrifstofa frá 3. maí 2016

*Velferðarvaktin er óháður álitsgjafi sem leggur fram tillögur
til stjórnvalda og hagsmunaaðila.*

Fræðslunefndarfundur haldinn 01.09. 2016 á Kirkjubæjarstofu

Fundur nr. 145

Dagskrá

Heilsuleikskólinn Kæríbær/Kirkjubæjarskóli á Síðu/Tónlistarskóli:

Kl 09:15 -10:15

1. Fundarskema vetrarins lagt fram
2. Bréf sem hafa borist nefndinni
3. Forstöðumenn allra skólastiga kynna vetrarstarf, starfsmannahald o.fl.
4. Styrkur frá BB - Skaftárhreppur til framtíðar
5. Önnur mál

Kl. 10:20-10:45

Fræðslunefnd

1. Tilkygning um breytingu í fræðslunefnd
2. Reglur um skólaakstur
3. Önnur mál